

Greinargerð um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á heilbrigðis- og félagsmálasviði





Efnisyfirlit

| | |
|---|-------------------------------------|
| Samantekt | 3 |
| 1. Inngangur..... | Error! Bookmark not defined. |
| 2. Framtíðarsýn okkar 2030 –framlag félagsmála- og heilbrigðisviðs til framkvæmdar framkvæmdaáætlunarinnar..... | 5 |
| 3. Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks..... | 13 |
| 4. Heilbrigðisviðbúnaður..... | 14 |
| Viðauki 1: Norrænt samstarf um heilbrigðismál | 16 |
| 1.1 Eftirfylgd stefnumarkandi úttektar á samstarfi í heilbrigðismálum (Königberg-skýrslunnar)..... | 16 |
| 1.2 Öryggi og hreyfanleiki sjúklinga: Eftirlitsupplýsingar og Arjeplogsamningurinn | 24 |
| 1.3 Stofnun norrænnar námsleiðar í sóttvörnum og hreinlæti á sjúkrahúsum | 24 |
| Fylgiskjal 2: Norrænt samstarf á félagsmálasviði..... | 25 |
| 2.1 Stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviði (skýrsla Árna Páls Ámasonar)..... | 25 |
| 2.2 Norrænt samstarfsnet um langvarandi afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku..... | 33 |
| 2.3 Starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar | 34 |



Greinargerð um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á heilbrigðis- og félagsmálasviði

Samantekt

Ráðherranefndin um heilbrigðis- og félagsmál (MR-S) gerir Norðurlandaráði ár hvert grein fyrir gangi mála í norrænu samstarfi á heilbrigðis- og félagsmálasviði. Í greinargerð ársins er áhersla lögð á verkefni sem styðja við framkvæmd [samstarfsáætlunar sviðsins fyrir árin 2022–2024](#) og [Framtíðarsýn okkar 2030 og framkvæmdaáætlun vegna hennar](#) ásamt því hvernig sviðið styður við þverlæg sjónarmið ráðherranefndarinnar á borð við sjálfbæra þróun, jafnrétti, börn og ungmenni og öflugt samráð við borgaralegt samfélag. Hið nýja stefnumótandi samstarfsskjal á sviði fötlunarmála, [Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027](#), er einnig mikilvægt þegar kemur að framkvæmd Framtíðarsýnar okkar 2030 og áherslu sviðsins á sjálfbær Norðurlönd þar sem algild hönnun, aðgengi og inngilding eru mikilvæg sjónarmið.

Greinargerðin sýnir að heilbrigðis- og félagsmálasvið kemur að nokkrum verkefnum sem hafa sterka tengingu við stefnumarkandi áherslurnar þrjár samkvæmt Framtíðarsýn okkar 2030 um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Á sama tíma hafa kórónuveirufaraldurinn og stríðið í Úkraínu leitt til þess að ráðist hefur verið í fjölda nýrra verkefna sem efla norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað með tilliti til viðbragða við neyðarástandi og bestun á veitingu neyðaraðstoðar.

Þá beinir greinargerðin í viðaukum 1 og 2 sjónum einkum að stöðu mála í tengslum við aðgerðir til að fylgja eftir 14 tillögum Bos Köngberg um [framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum](#) og 14 tillögum Árna Páls Árnasonar um [aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála](#).

Að auki er í stuttu máli gerð grein fyrir öðrum völdum atriði úr samstarfi á sviði heilbrigðis- og félagsmála og vísað til árangurs sem lýsir sér í auknum skiptum á þekkingu og reynslu á mörgum sviðum og til aðgerða á borð við verkefni, útgáfur, ráðstefnur og málþing.



1. Inngangur

Markmið norræns samstarfs innan ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) er að efla miðlun þekkingar á og reynslu af sameiginlegum áskorunum á sviði heilbrigðis- og félagsmála á Norðurlöndum. Meginmarkmiðið er að skapa aðgerðir og lausnir sem eiga þátt í að þróa stefnu og tryggja sjálfbærni norrænna velferðarsamfélaga, staðbundið, svæðisbundið, á landsvísu og norrænt á tímum aðhalds í fjármálum. Grundvallarforsenda samstarfsins er að ná norrænum ávinningi.

Norræna velferðarlíkanið hefur átt undir högg að sækja lengi vegna áhrifa hnattvæðingar, lýðfræðilegrar þróunar þar sem öldruðum fer fjölgandi og vandamála undanfarinna ára vegna COVID-19 og stríðsins í Úkraínu. Innan sviðsins er markvisst unnið að því að Norðurlönd takist í sameiningu á við þessar áskoranir. MR-S leggur því mikla áherslu á stefnu í heilbrigðis- og félagsmálum sem er inngildandi, tryggir öruggar almannatryggingar og jafnt aðgengi allra að félagslegri þjónustu og heilbrigðisþjónustu og býr okkur undir að takast á við faraldra framtíðarinnar eða annan heilsufarsvanda með bættum heilbrigðisviðbúnaði.

Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 og stefnumarkandi áherslusviðin þrjú í framtíðarsýninni, þ.e. græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd, eru hornsteinn norræns samstarfs á sviði félags og heilbrigðismála. Það á sérstaklega við um áherslusviðið félagslega sjálfbær Norðurlönd með góða, jafna og örugga heilsu og velferð fyrir alla. Sviðið styður einnig áherslusviðið samkeppnishæf Norðurlönd með því að stuðla að nýjum, tæknilegum, stafrænum og nýstárlegum lausnum á sviði heilbrigðismála og heilsugæslu og græn Norðurlönd með því að stuðla að félagslega sjálfbærum grænum umskiptum á Norðurlöndum öllum. Félags- og heilbrigðissvið tekur með ýmsum beinum aðgerðum þátt í að hrinda framkvæmdaáætlun framtíðarsýnarinnar í framkvæmd og einnig í samþættingu þverfaglegs sjónarmiðs Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun, jafnrétti og börn og ungt fólk. Sviðið hefur einnig aukið samráð við hið borgaralega samfélag og hefur þannig komið upp nýjum norrænum samstarfsvettvangi fyrir borgaralegt samfélag á sviði félagsmála.

Starfið á fagsviðinu tekur mið af tveimur stefnumarkandi úttektarskýrslum. Samstarf á sviði félagsmála á að stuðla að sjálfbærri og öruggri velferð allra íbúa norrænna samfélaga. Til að þetta megi takast er mikilvægt að hrinda í framkvæmd fjórtán tillögum í stefnumarkandi úttektarskýrslu Árna Páls Árnasonar (2018), *Þekking sem nýtist: Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála*. Vinna er þegar hafin við margar af tillögunum fjórtán í skýrslunni, svo sem í tengslum við félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann, börn og ungt fólk í viðkvæmri stöðu, fullorðna í viðkvæmri



stöðu, strjálbýl svæði, yfirferð á skipulagi stofnana (Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og NOMESKO-NOSOSKO), aukna áherslu á félagslegar aðgerðir sem byggjast á þekkingu og aukið samstarf við félagasamtök.

Á sama tíma er unnið áfram í norrænu samstarfi að heilbrigðismálum út frá stefnumarkandi úttektarskýrslu eftir Bo Könberg (2014), *Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum*. Meta þarf áhrif þeirra aðgerða til að tryggja mikilvægi ákvarðana í heilbrigðismálum í framtíðinni og geta brugðist við brýnum áskorunum. Sviðið vinnur með heilbrigðisstefnuna með það fyrir augum að viðhalda og þróa altæk og gjaldfrjálst heilbrigðis- og heilsugæslukerfi með jöfnu aðgengi fyrir alla miðað við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag, svo sem hækkandi meðalaldur og aukna þörf á umönnun, vaxandi andlega vanlíðan, einkum meðal ungs fólks, og afleiðingar kórónuveirufaraldursins með áherslu á viðkvæma hópa. Þverfaglegar sameiginlegar aðgerðir varðandi heilbrigðisgögn, rafræna heilbrigðisþjónustu og stafræna væðing, fjarheilbrigðisþjónustu og -umönnun og aukið norrænt samstarf á sviði heilbrigðisviðbúnaðar eru mikilvægir þættir í starfinu fram undan, einnig á lyfjasviði og þegar kemur að baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi.

Haldinn var ráðherrafundur í Reykjavík í mars 2023 þar sem heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir ræddu félagslega einangrun, andleg veikindi og vanlíðan með áherslu á inngildingu ungs fullorðins fólks með andleg veikindi. Mikil áhersla er lögð á inngildingu fólks í viðkvæmri stöðu í norrænu löndunum en þrátt fyrir að gripið hafi verið til ýmissa aðgerða um árabíl eru margir enn utanveltu. Ráðherrarnir samþykktu einnig [ráðherrayfirlýsingu um stafrænt aðgengi fólks með fötlun](#) á fundinum. Nánar er fjallað um yfirlýsingu á 3. kafla greinargerðarinnar. Þá fóru einnig fram pallborðsumræður með ráðherrum á fundi um geðheilbrigðismál daginn eftir fund ráðherranna.

Einnig hafa félagsmála- og heilbrigðisráðherrarnir hafið undirbúning nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2025–2030 og munu ræða áherslur hinnar væntanlegu áætlunar á sérstökum rafrænum ráðherrafundi í september 2023.

2. Framtíðarsýn okkar 2030 – framlag félagsmála- og heilbrigðissviðs til framkvæmdar framkvæmdaáætlunarinnar

Félags- og heilbrigðissvið leggur aðallega sitt af mörkum þegar kemur að uppfyllingu markmiðs framtíðarsýnarinnar um félagslega sjálfbær Norðurlönd en einnig hafa verið unnar aðgerðir í tengslum við græn Norðurlönd og samkeppnishæf Norðurlönd. Hér eru nokkur dæmi um aðgerðir sviðsins sem varða framkvæmdaáætlun vegna Framtíðarsýnar okkar 2030.



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

„Vård och omsorg på distans - en byggsten för ett socialt hållbart Norden (iVOPD)“ (Fjarheilbrigðisþjónusta - grunnþáttur félagslega sjálfbærra Norðurlanda) er verkefni í framhaldi af sænska áhersluverkefninu VOPD 2018–2020(21) og áherslusvið í framkvæmdaáætluninni. Unnið er með lausnir sem bæta við þekkingu á því hvernig hægt sé að skapa sem best skilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu og velferð á strjálbýlum svæðum sem einkennast af hækkandi meðalaldri, brottflutningi og miklum vegalengdum. Megináherslan er á samþættar lausnir í heilbrigðisþjónustu og umönnun þar sem stafræn og velferðartæknileg tól eru notuð. Verkefnið hefur fengið sex milljónir danskra króna frá samstarfsráðherrunum (MR-SAM) úr hinum svo kallaða 4X40-sjóði, auk tveggja milljóna til viðbótar frá félagsmála- og heilbrigðissviði fyrir tímabilið 2021–2024. Heimasiða verkefnisins þar sem nálgast má fréttir og ný rit er [hér](#).

Kórónuveirufaraldurinn setti mark sitt á norræn samfélög og hafði í för með sér miklar áskoranir fyrir norræna velferðarlíkanið. Með það fyrir augum að öðlast betri skilning á afleiðingum kórónuveirufaraldursins hefur félagsmála- og heilbrigðissvið sett af stað ýmis verkefni sem ganga út að afla þekkingar á áhrifum faraldursins á mismunandi þjóðfélagshópa og finna bestu aðferðir og lausnir til að takast á við svipað ástand í framtíðinni. Í tveimur stórum verkefnum er fjallað um [einmanaleika og einangrun með tilliti til COVID-19](#) og [afleiðingar kórónuveirufaldursins fyrir börn og ungt fólk á Norðurlöndum og rétt barna og ungs fólks til að láta rödd sína heyrast](#). Síðarnefnda verkefnið er þverfaglegt verkefni sem meðal annars er unnið með norrænu barna og ungmennanefndinni, NORDBUK. Norræna velferðarmiðstöðin, NVC, fjármagnar bæði verkefni.

Græn Norðurlönd

Á tímabilinu 2021–2024 leggur sviðið samtals 1,7 milljónir DKK til verkefnisins „Not „Just“ a Green Transition – Examining the Path Towards a Socially Just, Green Transition in the Nordic Region“ (félagslega sjálfbær græn umskipti) og markmiðs framkvæmdaáætlunarinnar um að vinna að því að virkja alla Norðurlandabúa í grænu umskiptunum og stafrænni þróun, nýta þau tækifæri sem felast í umskiptunum og vinna gegn því að þau leiði til aukins ójöfnuðar í samfélaginu. Loftslagsváin og umskiptin yfir í sjálfbærari samfélög snerta okkur öll. Með þverfaglegum verkefnum verður varpað ljósi á þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir, félagshagfræðilegar afleiðingar grænna umskipta verða greindar og gerð verður grein fyrir aðferðum og lausnum sem gefa góða raun. Á grundvelli þessa verða lagðar fram ábendingar og stefnumótunartillögur til norræns samstarfs og norrænu landanna. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio, stýrir verkefninu. Nánari upplýsingar má nálgast á [síðu verkefnisins](#) þar sem einnig má lesa tvær skýrslur sem komið hafa út í tengslum við verkefnið: „[The social impacts of climate mitigation policies on vulnerable groups in the](#)



[Nordic Region](#)“ og „[Just Green Transition - key concepts and implications in the Nordic Region](#)“. Vorið 2023 kom þriðja skýrslan út: [In-all-fairness-perceptions-of-climate-policies-and-the-green-transition-in-the-Nordic-Region](#)

Félags- og heilbrigðissvið tekur einnig þátt í verkefni matvælasviðsins í tengslum við framkvæmdaáætlun vegna framtíðarsýnarinnar, Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum.

Samkeppnishæf Norðurlönd

Eitt af áherslusviðunum í framkvæmdaáætlun vegna Framtíðarsýnar okkar 2030 er að gera sameiginlegar aðgerðir til þess að deila heilbrigðisgögnum á milli norrænu landanna með öruggum hætti mögulegar. Slíkt mun gagnast mjög við rannsóknir og nýsköpun og í heilbrigðisþjónustu og umönnun auk þess að stuðla að góðri heilsu og velferð innan Norðurlanda sem utan. Félags- og heilbrigðismálasvið tekur þátt í þverfaglega verkefninu „[The Nordic Commons - Norden som ledande region för en nordisk och säker digital infrastruktur för hälsodata](#)“ sem stuðlar að nýjum lausnum sem skapa betri jarðveg fyrir samkeppnishæf Norðurlönd. Félags- og heilbrigðismálasvið ber höfuðábyrgð á verkefninu en Norræna rannsóknaráðið, Nordforsk, sér um samræmingu þess. Verkefnið er meðal annars unnið í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, Nordic Innovation. Vinna þriggja starfshópa sem skoða tæknilegar lausnir (innviði), lýsigögn og lagaleg og siðferðileg álitamál hefur verið þróuð frekar. Nú stendur yfir endurskoðun á verkefninu.

Þverfaglegt sjónarhorn

Sjálfbær þróun, jafnrétti og réttindi barna og ungmenna eiga að einkenna allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsenda þess að framtíðarsýn ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 er að tekið sé tillit til þessara sjónarmiða. Það þýðir í raun að við alla starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar beri að hafa þessi sjónarmið til hliðsjónar, þ.e. við skipulagningu, ákvarðanatöku, innleiðingu og mat á verkefnum og aðgerðum.

Félags- og heilbrigðismálasvið vinnur almennt með þessi sjónarmið en einnig með beinum aðgerðum eins og sjá má í yfirlitinu hér á eftir.

Sjálfbær þróun

Eigi sjálfbær þróun að nást á Norðurlöndum er mikilvægt að greina áhrif grænu umskiptanna til þess að afla þekkingar á því með hvaða hætti umhverfis- og loftslagsaðgerðir valda eða auka á félagshagfræðilegan, menningarlegan og landfræðilegan ójöfnuð og einnig hvernig aðgerðir sviðsins geta stuðlað að auknu kolefnishlutleysi og jafnrétti á Norðurlöndum.



Meðal annars hefur sviðið unnið greiningu á loftslagsáhrifum fjarlausna á sviði heilbrigðisþjónustu og umönnunar og áfram er unnið út frá þessu sjónarmiði í nýja iVOPD-verkefninu í tengslum við framkvæmdaáætlunina vegna Framtíðarsýnar okkar 2030. Heilsueflandi og sjálfbær matvælaneysla er einnig í brennidepli í þverfaglegu verkefni sem unnið er með sviði matvæla (ÄK-LIVS) í tengslum við verkefnið „Sjálfbær norrænn lífsstíll“. Eins og áður hefur verið nefnt tekur sviðið einnig þátt í þverfaglega verkefninu „Not „just“ a green transition -Examining the Path Towards a Socially Just, Green Transition in the Nordic Region“ á tímabilinu 2021–2024.

Samkvæmt árlegu fjárveitingarbréfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, NVC, á stofnunin að vinna með kerfisbundnum hætti að því að flétta sjálfbærni, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks í allt starf sitt. Áhersla er lögð á að efla félagslega sjálfbærni, meðal annars með inngildingu barna og ungmenna auk fatlaðra og eldri borgara.

Jafnrétti

Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál hefur samþykkt að vinna sviðsins í tengslum við jafnrétti skuli fela í sér að kynja- og jafnréttissjónarmið séu stöðugt fléttuð inn í beinar aðgerðir og verkefni sem sviðið stendur fyrir og vinnur með, meðal annars í tengslum við Framtíðarsýn okkar 2030. Árið 2022 hófst í samvinnu við ráðherranefndina um jafnréttismál og LGBTI nýtt verkefni sem lýtur að lífsgjöllum og lífsgæðum eldra LGBTI fólks á Norðurlöndum. Í verkefninu er sjónum beint að því hvernig eldra LGBTI fólk upplifir að tekið sé á móti því í heilbrigðis- og umönnunarkerfinu og að hve miklu leyti norrænu löndin tryggja (endur)menntun starfsfólks í því að mæta eldra LGBTI fólk á án fordóma og með opnum huga.

Liður í verkefninu í tengslum við afleiðingar kórónuveirufaraldursins og réttindi barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast er að beina athyglinni að ólíkri upplifun, tækifærum og takmörkunum sem til komu í faraldrinum.

Jafnréttissjónarmið eiga að vera hluti af öllum verkefnum á sviði fötlunarmála. Í vinnu á sviðinu á að kynna og ræða kynjamun sem kann að skipta máli. Jafnframt er leitast við að hafa jafna kynjaskiptingu í sérfræðingahópum, samstarfsnetum og starfshópum.

Auk þess gegnumsýra almenn jafnréttissjónarmið allt starf innan félags- og heilbrigðismálasviðsins. Öll verkefni eiga að skapa jafnt aðgengi og jöfn tækifæri fyrir alla þjóðfélagshópa óháð kynvitund, trúarskoðun, uppruna, efnahagsstöðu og tækifærum.

Sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna



Í stefnumarkandi úttektarskýrslu í félagsmálum, sem kennd er við Árna Pál Árnason, er að finna beinar tillögur um aukna áherslu á réttindi barna og á börn og ungt fólk í viðkvæmri stöðu sem markhóp á sviðinu. Í skýrslunni er meðal annars bent á að mikil forvarnartækifæri felist í því að þróa snemmtækar aðgerðir fyrir börn og ungmenni og að efla beri samstarf á milli yfirvalda og rannsóknarstofnana á Norðurlöndum ásamt því að kanna möguleika á að standa fyrir sameiginlegum aðgerðum til að afla þekkingar og prófa mismunandi aðferðir. Á grundvelli tillagna skýrslunnar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur félags- og heilbrigðismálasvið meðal annars:

- 1) *Komið á fót norrænu samstarfsneti um fyrstu þúsund daga barnsins.*
Samstarfsnetið tengir sérfræðinga og aðra aðila í félags- og heilbrigðisgeira landanna til að ræða hvernig hægt sé að vinna markvisst að því að tryggja gott umhverfi og uppeldisskilyrði fyrir börn á fyrstu þremur árum ævi þeirra. Samstarfsnetið er þverfaglegt og felur í sér sjónarmið frá mennta-, atvinnu-, menningar-/tómstunda- og leikskólageiranum til þess að tryggja barninu og fjölskyldu þess heildstæðan stuðning. Samstarfsnetið er með starfsumboð til þriggja ára og er ætlað að skila af sér tillögum að aðgerðum sem styrkt geta heildstæða og forvarnamiðaða sýn á börn og fjölskyldur fyrstu þúsund dagana af ævi barns.
- 2) *Kortlagt afleiðingar kórónuveirufaraldursins með tilliti til einmanaleika, einangrunar og félagslegrar vanlíðunar á Norðurlöndum.*
Verkefnið, sem unnið var af Norrænu velferðarmiðstöðinni, skilaði sér í tveimur hlutaskýrslum um afleiðingar í formi einangrunar og einmanaleika á meðal nokkurra viðkvæmra hópa (þ. á m. ungs fólks) ásamt dæmum um aðgerðir sem geta komið í veg fyrir þetta. Verkefninu lauk í byrjun árs 2023. Ítarlegri upplýsingar er að finna hér: [The impact of the COVID-19 pandemic on social isolation and loneliness - A Nordic research review | NVC \(nordicwelfare.org\)](#)
- 3) *Hrint úr vör þverfaglega verkefninu „Afleiðingar kórónuveirufaraldursins: Réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast“, sem Norræna velferðarmiðstöðin vann.*
Verkefnið gengur út á að afla þekkingar á því hvernig börn og ungmenni upplifðu að hafa fengið að koma að ákvörðunum sem teknar voru um þau og fyrir þau í kórónuveirufaraldrinum. Stofnaðir hafa verið sérfræðingahópar skipaðir ungu fólki sem munu taka þátt í að skilgreina verkefnið. Í mars 2023 kom út skýrsla þar sem 100 ungmenni greina frá upplifun sinni af því að hafa fengið að koma að ákvarðanatöku í kórónuveirufaraldrinum: [Child and youth participation during crisis - Recommendations for decision makers in the Nordic region](#). Jafnframt hafa verið gerð nokkur myndskreið þar sem ungt fólk segir frá upplifun sinni: [\(117\) Nordic youth voices – The COVID-19 pandemic and the right to be heard](#). Áætlað er að verkefninu í heild sinni ljúki árið 2024 og hægt er að fylgjast með því hér: [Nordiskt samarbete om barn och ungas möjligheter till deltagande och utveckling efter covid-19 pandemin](#).
- 4) *Unnið forgangsverkefni Danmerkur á tímabilinu 2020–2022: „Sjálfbært félagsstarf ungmenna á Norðurlöndum“.*



Viðfangsefni verkefnisins var þrjúþætt: 1) velferð barna og ungmenna í skóla, 2) aðferðir við að auka þátttöku og inngildingu barna og ungmenna og 3) andleg velferð barna og ungmenna.

Félags- og heilbrigðismálasvið bar ábyrgð á þriðja atriðinu, sem laut að andlegri velferð barna og ungmenna. Komið var á fót norrænu sérfræðinganeti sem skilaði af sér þremur skýrslum. Í þeirri fyrstu voru orsakir andlegrar vanlíðanar barna og ungmenna á Norðurlöndum kortlagðar. Í annarri skýrslunni var fjallað um mörkin á milli félags- og heilbrigðissviðs með tilliti til þess hvernig tekist er á við andlega vanlíðan barna og ungmenna. Í þriðju skýrslunni frá 2023 voru lagðar fram tillögur að viðtækara norrænu samstarfi og rannsóknum á sviðinu. Nálgast má skýrslurnar hér:

[A cross-Nordic Mapping of Associative Factors to the increase of Mental Distress Among Youth \(norden.org\)](https://norden.org/en/2023/04/20/cross-nordic-mapping-of-associative-factors-to-the-increase-of-mental-distress-among-youth)

[Cross-Nordic collaboration and practice examples \(norden.org\)](https://norden.org/en/2023/04/20/cross-nordic-collaboration-and-practice-examples)

[Proposals for a future Nordic research project \(norden.org\).](https://norden.org/en/2023/04/20/proposals-for-a-future-nordic-research-project)

Til þess að miðla upplýsingum um vinnuna voru haldin tvö vefþing í lok árs 2022: *Healthy online behavior and youth mental health – a Nordic perspective* og *Youth mental health in schools – a Nordic perspective*, þar sem þemu voru byggð á kortlagningu á þekkingu í tengslum við vinnuna. Markhópurinn samanstendur m.a. af fagfólki, stjórnendum, vísindamönnum og stjórnáráðgjafum um öll Norðurlönd sem vinna með eða láta sig varða ungt fólk sem glímir við vanlíðan og það hvernig hægt sé að tryggja bætta andlega heilsu ungs fólks. Nálgast má vefþingin á [vefsvæði Social- och Boligstyrelsen](https://norden.org/en/2022/12/15/healthy-online-behavior-and-youth-mental-health).

Á árinu 2023 mun sviðið fylgja niðurstöðunum eftir og skipuleggja frekari vinnu við málefnið.

- 5) *Samræmt og fjármagnað verkefni í gegnum Norrænu velferðarmiðstöðina sem fjallar um aukinn stuðning við börn sem fæðast með fósturskemmdir vegna áfengisneyslu móður.*
Skýrsla með tillögum kom út árið 2022: [How to strengthen the focus on children affected by prenatal alcohol exposure to help them lead a good life? A Nordic report with recommendations.](https://norden.org/en/2022/12/15/how-to-strengthen-the-focus-on-children-affected-by-prenatal-alcohol-exposure-to-help-them-lead-a-good-life-a-nordic-report-with-recommendations)
- 6) *Vakið athygli á mikilvægi inngildingar ungs fólks í viðkvæmum hópum í félagsstarfi á ráðherrafundum bæði 2022 og 2023.*
Báðir fundirnir fjölluðu um aukna vanlíðan ungs fólks á Norðurlöndum, orsakir hennar og leiðir til að vinna gegn henni. Á árinu 2023 mun sviðið ákveða hvernig unnið verður áfram að því að auka og viðhalda þátttöku ungs fólks í viðkvæmri stöðu í námi og vinnu.
- 7) *Unnið nýja áætlun um samstarf í málefnum fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2023–2027 þar sem skýr áhersla er á málefni barna og ungmenna.*
Áætlunin nær yfir ýmis málefnasvið og almennt er áhersla á þrennt: mannréttindi, þátttöku og frjálsa för. Liður í áætluninni er að efla sjónarmið barna og ungmenna í norrænu samstarfi í málefnum fatlaðs fólks og framvegis verður haldinn árviss



fundur sérfræðinga með fulltrúum frá hagsmunasamtökum ungs fatlaðs fólks. Þema og dagskrá fundanna á að miðast við óskir barnanna og ungmennanna sjálfra. Samkvæmt áætluninni á einnig að þróa nýjar aðferðir til að tryggja sjónarmið barna og ungmenna í ákvarðanatöku fullorðinna og jafnframt á að taka saman tölfræði um fötlunarmál með tilliti til barna og ungmenna í skóla- og menntakerfinu.

- 8) *Komið á fót stóru samstarfsneti frjálsra félagsamtaka á félagsmálasviði sem ætlað er að gera grein fyrir því með hvaða hætti frjáls félagsamtök geta styrkt hið norræna velferðarsamfélag, þ.m.t. í tengslum við aðgerðir fyrir börn og ungmenni á Norðurlöndum.*

Liður í verkefninu var að standa fyrir svokallaðri „umræðusyrpu fyrir ungt fólk“ á lýðræðishátíðunum í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og á Íslandi árið 2023. Haldnir voru umræðufundir með ungu fólki um ungt fólk og hvernig betur sé hægt að tryggja aðkomu þess að félagsstarfi, menntakerfi, lýðræðislegum ferlum o.s.frv.

- 9) *Hafið undirbúning verkefnis um börn sem alast upp við bág efnaha gskjör í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs 21/2022 [um að fækka börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi lágtækjur](#).*

Málefni sem tengjast börnum og ungmennum og áhersla á börn í viðkvæmri stöðu eru stór hluti af vinnu félags- og heilbrigðismálasviðs í mörgum verkefnum og aðgerðum sem sérstaklega miðast við börn og ungmenni. Á sama tíma er sérstök áhersla lögð á fullorðna enda hefur velferð þeirra, heilsufar og almenn lífskjör óbein áhrif á börn og ungmenni á Norðurlöndum. Þannig má gera ráð fyrir því að aðgerðir í þágu fullorðinna hafi einnig áhrif á lífskjör barna og ungmenna.

Aukið samstarf við borgaralegt samfélag

Svið félags- og heilbrigðismála leggur áherslu á að styrkja samráð við aðila borgaralegs samfélags, meðal annars í gegnum nýtt samstarfsnet frjálsra félagsamtaka á vegum ráðherranefndarinnar. Árið 2022 veitti sviðið, í samræmi við tillögu 7 í skýrslu Árna Páls Árnasonar um norrænt samstarf á sviði félagsmála, fé til þess að koma á fót nýjum vettvangi sem annars vegar er ætlað að efla samráð á milli frjálsra norrænna félagsamtaka á sviði félagsmála og hins vegar að efla samráð á milli borgaralegs samfélags og opinberra aðila. Ráðist var í verkefnið í kjölfar fundar með leiðtogum borgaralegs samfélags sem fram fór árið 2021 sem leiddi til fundar í tengslum við þing Norðurlandaráðs í nóvember 2021. Á árinu 2023 hefur samstarfsnetið komið með ábendingar varðandi gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2025–2030 og staðið fyrir fimm umræðum um aðgerðir fyrir ungt fólk á lýðræðishátíðum á Norðurlöndum (sjá fyrir ofan).

Þá lauk Norræna velferðarmiðstöðin við skýrsluna „Áhrif neytenda á Norðurlöndum“ vorið 2023 að undirlagi félags- og heilbrigðisráðherranna. Í skýrslunni er fjallað um það hvernig norræn samfélög vinna með mismunandi hætti með frjálsum félagsamtökum og neytendum sjálfum. Einnig eru gefin dæmi og góð ráð um þátttöku neytenda.





3. Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks

Norrænt samstarf um fötlunarmál fer einkum fram samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál, í Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks (fötlunarráðinu) sem veitir ráðgjöf í öllu opinberu norrænu samstarfi, með styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf öryrkjasamtaka og norrænni starfsemi fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

[Norræna samstarfsáætlunin um fötlunarmál 2023–2027](#) er stefnuskjal í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði fötlunarmála. Áherslusvið áætlunarinnar eru þrjú: mannréttindi, þátttaka og frjáls för. Innan hvers áherslusviðs er unnið að fjölda verkefna. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að inngildingu fatlaðra einstaklinga með því að efla miðlun þekkingar á Norðurlöndum og með nánara samstarfi um stefnumótun í málefnum fatlaðra.

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks (fötlunarráðið) samanstendur af sérfræðingum sem skipaðir eru af ríkisstjórnunum og regnhlífasamtökum sem eru fulltrúar fatlaðs fólks á öllum Norðurlöndum. Norræna velferðarmiðstöðin sér um skrifstofuhald fyrir ráðið. Verkefni ráðsins er að styðja, veita ráðgjöf og miðla þekkingu til allra málefnasviða Norrænu ráðherranefndarinnar en getur einnig staðið fyrir eigin aðgerðum. Ráðið styður við áætlunina og fylgir framkvæmd hennar eftir.

Á árinu 2023 hafa margar aðgerðir átt sér stað í tengslum við norrænt samstarf í málefnum fatlaðs fólks. Í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni stendur yfir norrænt verkefni á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis Íslands, *Stafræn framtíð – nýjar áskoranir og lausnir fyrir fatlað fólk*, þar sem markmiðið er að stuðla að bættu stafrænu aðgengi fyrir fatlað fólk.

Á 16. fundi aðildarríkja að samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD) í höfuðstöðfum SP í New York í júní 2023 var haldinn norrænn hliðarviðburður, *Co-creating digital solutions for persons with disabilities – Policies and strategies for tomorrow's digital challenges*, þar sem fjallað var um stefnumótun varðandi aðgengilega stafræna þjónustu.

Norrænu félags- og heilbrigðisráðherrarnir samþykktu yfirlýsingu um aukið norrænt samstarf um stafrænar lausnir fyrir fatlað fólk á fundi MR-S þann 22. mars 2023. Í ráðherrayfirlýsingunni [Strengthened Nordic Co-operation on Digital Solutions for Persons with Disabilities](#) segir að öll norrænu löndin standi frammi fyrir sambærilegum áskorun þegar kemur að stafrænu aðgengi fyrir fatlað fólk. Löndin eru hvött til þess að efla norrænt samstarf með það fyrir augum að skiptast á góðum starfsaðferðum til þess að



bæta aðgengi að stafrænum heimi fyrir fatlað fólk.

Samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um málefni fatlaðs fólks 2023–2027 á að halda árvissan fund sérfræðinga með fulltrúum hagsmunasamtaka ungs fatlaðs fólks. Tilgangur fundarins er að gera sjónarmiðum barna og ungs fólks hærra undir höfði í norrænu samstarfi um málefni fatlaðs fólks. Þema og dagskrá fundanna ræðst af þörfum og óskum barna og ungmenna. Fyrsti fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í október 2023.

4. Heilbrigðisviðbúnaður

Samstarf um heilbrigðisviðbúnað er fyrirferðarmikið innan sviðsins. Á ráðherrafundinum 2022 samþykktu norrænu heilbrigðisráðherrarnir yfirlýsingu um aukinn heilbrigðisviðbúnað á Norðurlöndum. Í yfirlýsingunni kemur fram að norrænu löndin ætli að vinna saman að því að efla norrænan og evrópskan heilbrigðisviðbúnað.

Eftirfarandi málefni eru sett á oddinn í yfirlýsingunni:

- Viðbrögð á krísutímum
- Markvissari aðstoð í tengslum við atvik og krísur
- Kortlagning á því hvaða tæk Norðurlönd hafa á að koma upp bóluafnaframleiðslu
- Æfingar og miðlun reynslu
- Norðurlönd eigi frumkvæði að rannsókn í samstarfi við WHO á árangri af aðgerðum öðrum en í lyfjamálum í faraldrinum

Hér á eftir eru taldar upp nokkrar af þeim aðgerðum sem sviðið hefur þegar hafið til þess að fylgja yfirlýsingunni eftir.

Viðbrögð á krísutímum

Norrænt kerfi til að tryggja skilning á aðstæðum:

Verkefni á vegum [norræna hópsins um heilbrigðisviðbúnað](#), sem einnig er nefndur Svalbarðahópurinn, um þróun norræns kerfis til að tryggja sameiginlegan skilning á aðstæðum var unnið 2021–2023. Komið var á fót sameiginlegum vettvangi fyrir norrænu löndin til þess að miðla stöðumati sínu á milli sem bætir stöðumat hvers lands fyrir sig og veitir löndunum tækifæri til þess að bregðast rétt við erfiðleikum fyrir heilbrigðis- og umönnunargeirann og draga úr afleiðingum þeirra. Í framhaldinu hefur verið farið af stað með verkefni sem ætlað er að innleiða kerfið í daglegt starf innan Svalbarðahópsins. Samráðsvettvangurinn verður þróaður áfram og meðal annars á hann að innihalda atriði sem munu gera hann að fullu starfhæfan í lok árs 2024.



Rannsóknasamstarf og miðlun rannsóknaniðurstaðna (þekkingarþróun í kjölfar COVID-19): Faraldurinn sýndi fram á mikilvægi þekkingar til þess að takast á við krísur. Verkefnið byggir ofan norrænt samstarf um heilbrigðisrannsóknir í gegnum verkefnið „Norrænt rannsóknarsamstarf um bætt heilsufar“ (2017–2019). Norræna rannsóknaráðið ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins sem stendur yfir á tímabilinu 2022–2024. Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að skiptast á reynslu og stuðla að þverfaglegu samstarfi á nýjum sviðum sem komu upp í faraldrinum, svo sem langvarandi COVID-19-heilkenni, og hins vegar að skiptast á reynslu og skapa þekkingargrunn og samstarf í tengslum við aukna notkun á heilbrigðisgögnum við klínískar rannsóknir.

Markvissari aðstoð í tengslum við atburði og krísur

Kortleggja regluverk sem hindrar bráða lækniástoð yfir landamæri: Kortleggja á hvort til staðar séu reglur sem standa í vegi fyrir því að aðstoð sé veitt yfir landamæri á Norðurlöndum og innan ESB/EES ef upp koma alvarlegar krísur eða slys. Kortlagningunni er ætlað að skapa grundvöll til þess að meta hvort þörf sé á því að gera breytingar sem leitt geta til úrbóta með því að afnema hindranir í vegi norræns samstarfs um heilbrigðisviðbúnað samkvæmt [Norrænum samningi um heilbrigðisviðbúnað](#). Svalbarðahópurinn framkvæmir kortlagninguna.

Æfingar og miðlun á reynslu

Á árinu 2023 var haldin norræn æfing í kjarnorkuviðbúnaði: Æfingin var björgunaræfing þar sem æfð voru viðbrögð við kjarnorku- og geislamengun. Tækifæri gafst til þess að æfa upplýsingamiðlun og aðstoð í samræmi við norræna samningnum um heilbrigðisviðbúnað, þ.m.t. notkun norræns kerfis í tengslum við brunasár.



Viðauki 1: Norrænt samstarf um heilbrigðismál

1.1 Eftirfylgd stefnumarkandi úttektar á samstarfi í heilbrigðismálum (Königberg-skýrslunnar)

Í þessum kafla er farið yfir allar tillögur Königberg-skýrslunnar, [Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum](#), og stöðu með tilliti til aðgerða sem hafnar eru miðað við ágúst 2023.

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál hefur hafið aðgerðir út frá öllum 14 tillögunum á undanförunum árum og hafist var handa við að meta aðgerðirnar haustið 2023.

1. Róttækar aðgerðir gegn auknu sýklalyfjaónæmi

Hin norræna „One Health-yfirlýsing“ gegn sýklalyfjaónæmi frá 2015 hefur haft í för með sér að þetta mikilvæga málefni hefur fengið aukna athygli á Norðurlöndum og stofnaður hefur verið norrænn stefnumótunarhópur og sérfræðingahópur í tengslum við sýklalyfjaónæmi. Starfsumboð beggja hópanna hefur verið endurnýjað til 31. desember 2024.

Hvítbók Norðurlandaráðs, „[Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi](#)“ hefur hjálpað til við að vekja meiri athygli á málefningu og efla starf hópanna tveggja. Af hálfu ráðherranefndarinnar er það grundvallarforsenda starfsins að aðgerðir skili norrænu notagildi og gagnist Norðurlöndum við að láta til sín taka á alþjóðlegum vettvangi. Sama máli gegnir um mat á því hvernig vinna skuli áfram með tillögur hvítbókarinnar. Hóparnir tveir hafa einnig beint sjónum sínum sérstaklega að mikilvægum gerðum sýklalyfja, upplýsingaátaki í tengslum við sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjaónæmi í umhverfinu. Í formennskutíð Noregs 2022 var starfið útvíkkað, meðal annars með áherslu á efni svo sem jónabera (ionophores) og sveppaeyðandi efni (fungicides) og á innkaup.

Þar sem samstarf við Rússland hefur verið sett á ís vegna stríðsins í Úkraínu hafa nýjar aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi farið fram í samstarfi norrænu og baltnesku landanna í tengslum við framkvæmdaáætlanir landanna á sviðinu. Þá hafa rannsóknir verið gerðar á sviðinu, meðal annars í gegnum áætlun Norræna rannsóknaráðsins í tengslum við samfélagsöryggi þar sem áhersla er lögð á rannsóknir á sýklalyfjaónæmi. Tvö rannsóknarverkefni hafa fengið úthlutað fé: [Tracking of Antimicrobial Resistant Genes in Environmental reservoirs in the Nordic Countries](#) og [Wastewater Treatment plants as a trusted Source of Timely information on antimicrobial resistance threat \(TruSTme\)](#).



Ráðherranefndin gerði Norðurlandar ítarlega grein fyrir [starfi Norrænu ráðherranefndarinnar gegn sýklalyfjaónæmi](#) í mars 2019.

2. *Aukið samstarf um mjög sérhæfðar meðferðir á Norðurlöndum*

Árið 2016 settu félags- og heilbrigðisráðherrarnir á fót norræna nefnd um mjög sérhæfðar meðferðir. Megintilgangurinn er að þétta og styðja norrænt samstarf á sviðinu. Nefndin er skipuð fulltrúum heilbrigðisyfirvalda í norrænu löndunum. Eftir stofnun [European Reference Network](#) innan ESB, þar sem norrænu löndin (að Íslandi undanskildu) eru virkir þátttakendur, telur nefndin ekki þörf á frekara norrænu samstarfi. Starfsemi á norrænum vettvangi var því hætt í lok árs 2022.

3. *Mynda norrænt samstarfsnet um sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar*

Samstarfsnet um framtíðarmiðað samstarf í tengslum við sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar til þess að efla núverandi og nýjar aðgerðir og auka samræmingu á þeim.

Árið 2016 settu félags- og heilbrigðisráðherrarnir á fót norrænt samstarfsnet um sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar einkum með það fyrir augum að þróa og efla núverandi og nýtt norrænt samstarf á sviðinu og samræma betur sameiginlegar aðgerðir. Sem stendur vinnur samstarfsnetið samkvæmt starfsumboði fyrir tímabilið 2022–2023.

Stofnaður hefur verið samræmingarhópur (*coordinating body*) sem ber ábyrgð á því að skipuleggja fundi samstarfsnetsins. Samræmingarhópurinn samanstendur af fulltrúum heilbrigðismála eða félagsmálastofnana á Norðurlöndum, færnisetra um sjaldgæfa sjúkdóma, sjúklingafélaga og norræns tengslanets sjúklingasamtaka (SBONN).

Í formennskutíð Noregs 2022 var meðal annars fjallað um sameiginlegar aðgerðir á evrópska vettvangnum European Reference Networks (ERN) innan heilbrigðisþjónustu auk persónumiðaðrar lækningar (*precision medicine*) í tengslum við sjaldgæfa sjúkdóma. Svíþjóð gegnir formennsku í samstarfsnetinu árið 2023. Áfram verður unnið samkvæmt þeirri línu sem sett var árið 2019. Á meðal málefna sem fjallað er um má nefna stefnumótun landanna, stafræna þróun, gagnamiðlun og skráningu og milliríkjasamstarf innan ERN á sviði persónumiðaðra lækninga.

4. *Rannsóknir sem byggjast á gagnagrunnum*

Tillagan um að koma upp norrænni netmiðstöð fyrir rannsóknir sem byggjast á gagnagrunnum snýst um að efla rannsóknasamstarf í tengslum við gagnagrunna, líftækniþanka og klínískar rannsóknir og búa til kerfi fyrir gagnkvæma viðurkenningu á siðfræðilegu mati á norrænum rannsóknarverkefnum.



Í formennskutíð Noregs 2017 hófst þriggja ára forgangsverkefni, „Norrænt rannsóknarsamstarf um bætt heilsufar 2017–2019“. Megintilgangurinn með verkefninu var að kanna og koma með tillögur og hugsanlega nýjar aðgerðir til þess að efla og bæta aðgerðir sem geta einfaldað vísindamönnum á Norðurlöndum að vinna saman í tengslum við heilbrigðisgögn og klínískar rannsóknir. Verkefnið var byggt á tillögu 4 í Könberg-skýrslunni og skiptist í þrjú undirverkefni sem fjölluðu um siðfræðilegt mat, norrænar lausnir til að auðvelda aðgengi að heilbrigðisgögnum og frekari þróun samstarfs um klínískar rannsóknir. Félags- og heilbrigðismálasvið fjármagnaði jafnframt eftirfylgd undirverkefni 1 um siðfræðilegt mat til að koma á fót upplýsingagátt.

Norræna rannsóknaráðið bar meðal annars ábyrgð á undirverkefninu um heilbrigðisgögn sem skilaði sér í skýrslunni „*A vision of a Nordic secure digital infrastructure for health data: The Nordic Commons*“. Skýrslan kom út árið 2019 og er norrænt samstarf um heilbrigðisgögn eitt af áherslusviðunum í framkvæmdaáætlun vegna framtíðarsýnarinnar (undir „samkeppnishæf Norðurlönd“). Einnig hafa félags- og heilbrigðisráðherrarnir veitt fé til nýrrar aðgerðar, „*þekkingarmyndun eftir COVID-19*“ sem einnig er fjallað um í kaflanum um heilbrigðisviðbúnað í greinargerðinni.

5. Aukið samstarf um aðgerðir til að bæta lýðheilsu

Fimmta tillaga Könberg-skýrslunnar gengur út á að Norðurlönd skiptist í auknum mæli á reynslu í tengslum við lýðheilsu, einkum varðandi tóbaksneyslu og áfengismisnotkun. Að undirlagi félags- og heilbrigðisráðherranna hafa tvö virk samstarfsnet verið stofnuð þar sem embættismenn geta skipst á reynslu og þekkingu varðandi aðgerðir og í tengslum við tóbaksneyslu og áfengismisnotkun. Norræna velferðarmiðstöðin stýrir samstarfsnetunum. Norræna velferðarmiðstöðin tekur saman og miðlar upplýsingum sem máli skipta um rannsóknir í vísindatímaritinu [Nordic Studies on Alcohol and Drugs \(NAD\)](#) og á alþýðuvísindavefnum [PopNAD](#).

Einnig vinna heilbrigðisráðuneyti norrænu landanna og aðrar stofnanir sem bera ábyrgð á fíknimálum óformlega saman á norrænum vettvangi. Í formennskutíð Noregs 2022 var haldið norrænt málþing um forvarnir gegn fíkniefnum.

6. Norrænn vettvangur um lýðheilsu til að draga úr heilsuójöfnuði

Lagt var til að stofnaður yrði norrænn vettvangur til að koma með tillögur að norrænum verkefnum og starfsemi sem miðar að því að draga úr heilsuójöfnuði.

Félags- og heilbrigðisráðherrarnir samþykktu [yfirlýsingu um lýðheilsusamstarf á Norðurlöndum](#) 2016. Í kjölfarið var stofnaður norrænn lýðheilsuvettvangur sem ætlað er að styðja við stefnumótun og setja af stað aðgerðir sem bæta lýðheilsu og draga úr heilsuójöfnuði í löndunum. Það á meðal annars að gera með því að skapa aðstæður fyrir



sameiginleg þróunarverkefni um góðar heilsueflandi aðgerðir með forvarnargildi. Norræna velferðarmiðstöðin sér um skrifstofuhald fyrir norræna lýðheilsuvettvanginn.

Til að byrja með hefur lýðheilsuvettvangurinn einbeitt sér að málefnum á borð við heilsuójöfnuð, andlega heilsu og áfengi, fíkniefni og tóbak. Sviðið lagði um 11,5 milljónir DKK til samstarfsins á tímabilinu 2016–2018. Niðurstöður vinnunnar, til dæmis skýrslur, eru birtar á [heimasíðu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar](#).

Utanaðkomandi úttekt á lýðheilsuvettvangnum fór fram árið 2018. Úttektin sýndi að vettvangurinn er mjög mikilvægur fyrir norrænt samstarf í lýðheilsumálum. Unnið er út frá starfsumboði sem gildir tímabilið 2021–2023. Verið er að vinna nýtt starfsumboð sem mun gilda 2024–2027.

Árið 2020 fór af stað áttak í tengslum við [mataræði og hreyfingu á meðal eldra fólks](#). Í byrjun árs 2022 kom út greining á norrænum heilbrigðisvísnum og tölfræði sem hefur þýðingu varðandi heilsu eldra fólks með tilliti til mataræðis og hreyfingar auk samantektar á norrænum rannsóknum á heilsu og hreyfingu eldra fólks á Norðurlöndum ([NVC](#)).

7. Hreyfanleiki sjúklinga innan Norðurlanda

Leggja ætti mat á áhrif gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um hreyfanleika sjúklinga í norrænu löndunum ásamt því að athuga hvort ráðlegt sé að auka réttinn til lækni meðferðar í einhverju hinna norrænu landanna.

Tilskipun ESB um réttindi sjúklinga var samþykkt í mars 2011. Reglur um heilbrigðisþjónustu milli landamæra, sem eru í samræmi við tilskipunina, eru tengdar reglum um samræmingu almannatrygginga í samræmi við reglugerð 883/2004 og eru einnig hluti af EES-samningnum. Tilgangur tilskipunarinnar er að gefa borgurum rétt á að velja meðferð í öðru ESB-/EES-landi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins safnar á ári hverju gögnum frá einstökum löndum um tilskipunina um réttindi sjúklinga, þar á meðal Norðurlöndum.

Sviðið hefur úthlutað 500.000 DKK til að kortleggja stöðu innleiðingar tilskipunar ESB um frjálsta för sjúklinga með hliðsjón af mögulegum tillögum um framtíðarþróun þessa sviðs innan norræns samstarfs. Árið 2022 fór fram útboðsferli varðandi utanaðkomandi úttekt en því miður bárust engin tilboð.

8. Öflugra samstarf um velferðartækni



Lagt var til að móta sameiginlega norræna skilgreiningu og stefnumið fyrir velferðartækni í því skyni að samræma staðla fyrir velferðartæknivörur. Notendur skyldu hafðir með í ráðum í þróunarstarfinu.

Ráðherranefndin ræddi þessa tillögu í mars 2018. Formennskulandið Svíþjóð átti frumkvæði að forgangsverkefni til þriggja ára, „lausnir í fjarlækningum og hjúkrun, einnig rafrænir lyfseðlar“ (VOPD-verkefnið) með fjárveitingu upp á 12 milljónir DKK. Stór hluti verkefnisins snýst um þróun og notkun velferðartækni en hluti þess fjallar um rafræna lyfseðla yfir landamæri Norðurlandanna. Eftir að úttekt var gerð á norrænum lausnum í velferðartækni voru 43 þeirra birtar á vefsíðu verkefnisins. Árið 2022 kom út nýtt rit með fimm raundæmarannsóknum um samþættar lausnir í heilbrigðis- og umönnunarþjónustu, [Integrated Healthcare and Care through distance spanning solutions – for increased service accessibility – Integrated health and care](#)

Einnig hafa verið auglýstir styrkir fyrir sérfræðiaðstoð fyrir sveitarfélög og landshluta til að innleiða tilraunaverkefni á sviði velferðartækni, bæði innan félagsmálasviðs og heilbrigðissviðs. Auk þess kom út sérstök útgáfa af ritinu „State of the Nordic Region“ sem helguð var velferð á strjálbýlum svæðum.

Að auki úthlutaði embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál 500.000 DKK til greiningar á velferðartækni og fjarheilbrigðisþjónustu með tilliti til umhverfissjónarmiða og 500.000 DKK til greiningar á því hvaða áhrif velferðartækni og fjarlausnir hafa á færniþróun og skipulag heilbrigðis- og umönnunarþjónustu á strjálbýlum svæðum. „Samþætt fjarheilbrigðisþjónusta – undirstaða félagslega sjálfbærra Norðurlanda“ (VOPD 2.0) er einnig áherslusvið í framkvæmdaáætlun nýju framtíðarsýnarinnar.

Innleiðing lausna fyrir rafræna lyfseðla er mismunandi langt komin á Norðurlöndum. Unnið er að því að kanna og finna lausnir á lagalegum og tæknilegum hindrunum. Eins og áður var nefnt var pólitískt samráð haft við Norðurlandaráð um þetta málefni þann 20. september 2022. Sjá einnig tillögu 9.

9. *Aukið samstarf um rafrænar heilbrigðislausnir*

Lagt var til að Samstarf um rafræna lyfseðla héldi áfram. Stofna ætti norrænt vefbókasafn um heilbrigðismál og þróa norræna leitarvél, „Sjúklingurinn minn“ (min patient).

Ráðherranefndin ræddi þessa tillögu í mars 2018. Norræna ráðherranefndin hafði þegar á árinu 2010 hafið undirbúning á samnorrænum vettvangi um rafrænar heilbrigðislausnir. Síðan þá hefur norrænn hópur um rafræna heilbrigðisþjónustu (eHälsogruppen) starfað í nokkur tímabil starfsumboða og núverandi starfsumboð gildir til 31. desember 2024. Hópurinn fæst við þekkingarmiðlun og skipti á reynslu. Þar eru



einnig rædd stefnumiðuð og pólitísk markmið sem fela einnig í sér styrkari stöðu gagnvart ESB svo og samstarf um norræna staðla fyrir heilbrigðisgögn einstaklinga, einkum í sambandi við frjálsa för yfir landamæri. Undirhópurinn Nordisk eHealth Research Network – NeRN – birti árið 2020 skýrslu um viðmið og staðlahópurinn vinnur meðal annars að því að koma á samvirkni fyrir gagnamiðlun milli landa.

Norðurlöndin eru hvert um sig í fararbroddi í notkun rafræna lyfseðla en þörf er á frekari þróunarvinnu og endurskoðun lagaumhverfis áður en hægt er að nota rafræna lyfseðla yfir landamæri á Norðurlöndum. Í byrjun árs 2020 varð mögulegt að nota rafræna lyfseðla frá Finnlandi og Eistlandi í báðum löndunum. Leiðbeinandi dæmi (um rafræna lyfseðla) hafa einnig verið útbúin fyrir miðlun heilbrigðisgagna milli landa og hægt er að þróa þau áfram með sjúkraskrá og öðrum rafrænum heilbrigðisgögnum.

Skoða verður þessa vinnu í ljósi undirverkefnis VOPD-verkefnisins um rafræna lyfseðla sem nefnt var í tillögu 8 hér að ofan, og finnska forgangsverkefnisins „Achieving the World’s Smoothest Cross-Border Mobility and Daily Life Through Digitalisation“. Verkefninu er ætlað að efla heilbrigðisþjónustu sem nær yfir landamæri, svo sem rafræna lyfseðla og stafrænar sjúkraskrár á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

10. Aukið norrænt samstarf á sviði geðlækninga

Tillagan fólst í að standa að árlegum fundi forystufólks á sviði geðlækninga, auka norræna þekkingaröflun og miðlun reynslu um líkön fyrir bestu aðferðir.

Norræna ráðherranefndin hefur stofnað norrænan vinnuhóp um geðheilbrigðismál. Sérfræðingahópurinn hefur umsjón með samfelldu norrænu samstarfi um úrræði fyrir einstaklinga með geðræna kvilla og samkvæmt samningi við embættismannanefndina um félags- og heilbrigðismál er ráðgert er að efna til norræns fundar forystufólks annað hvert ár. Starfsumboð vinnuhópsins gildir út desember 2023 og mun vinnuhópurinn leggja sérstaka áherslu á börn og ungmenni sem og sjálfsvígsforvarnir og félagslegan ójöfnuð að því er varðar andlega heilsu. Á fundinum í október 2023 mun hópurinn vinna að því að greina og ræða stimplun og neikvæð viðhorf sem fylgja geðsjúkdómum og hvernig vinna megi gegn þeim. Vinnuhópurinn hafði einnig frumkvæði að því að gera stöðugreiningu á sjálfsvígsforvörnum á Norðurlöndum með verkefni sem danska sjálfsvígsforvarnarstofnunin (DRISP) leiddi. Skýrslan mun innihalda yfirlit yfir tölfræði um sjálfsvíg, áhættuhópa og verndarþætti í löndunum ásamt því sem fjallað verður um forvarnastarf landanna og aðferðir sem álitnar eru gagnast sérlega vel. Fyrirhugað er að skýrslan komi út í desember 2023.

Síðasti fundur forystufólks á sviði geðlækninga var haldinn í Reykjavík í mars 2023 undir yfirskriftinni „Collaboration and Co-production in Mental Health“.



11. Víðara starfsumboð fyrir samstarfum heilbrigðisviðbúnað

Lagt var til að norræni heilbrigðisviðbúnaðarhópurinn (Svalbarðahópurinn) fengi víðara starfsumboð sem ætti að ná til allra þátta samstarfsins um heilbrigðisviðbúnað.

Félags- og heilbrigðisráðherrarnir samþykktu útvíkkað umboð fyrir heilbrigðisviðbúnaðarhópinn (Svalbarðahópurinn) og tók það gildi 1. janúar 2017. Með tilliti til nýja umboðsins vann Svalbarðahópurinn stefnumiðaðan ramma um starf hópsins til næstu fimm til tíu ára. Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál samþykkti rammann í september 2017. Svalbarðahópurinn á að stuðla að skilvirkri krísustjórnun á sviði heilbrigðis- og félagsmála á Norðurlöndum. Samstarfið á að einkennast af skilvirkni, trausti, sveigjanleika og gagnkvæmri þjálfun. Svalbarðahópurinn á að taka þátt í að tilgreina svið sem þjóna sameiginlegum hagsmunum Norðurlandanna um að auka áhrif sín á alþjóðavettvangi. Hópurinn á jafnframt að tryggja góð tengsl á milli félags- og heilbrigðissviðs þegar kemur að krísustjórnun.

Í starfi Svalbarðahópsins undanfarin ár hefur höfuðáhersla verið lögð á kórónuveirufaraldurinn og málefni fólks á flóttu í tengslum við stríðið í Úkraínu. Meðal annars hefur verið litið á hvernig lönd geta lært af reynslu hvers annars af mismunandi úrræðum og hvernig Norðurlöndin geta unnið betur saman í heimsfaröldrum og heilbrigðisógnum framtíðarinnar. Svalbarðahópurinn vinnur að þróun kerfis til að deila stöðumyndum af heilbrigðis- og félagsmálum á Norðurlöndum.

Svalbarðahópurinn hefur þegar staðið að þróun norræns kerfis fyrir meðferð brunasára í því skyni að hámarka nýtingu samanlagðrar viðbúnaðargetu landanna ef alvarleg brunaslys verða á Norðurlöndum. Kerfið tók gildi í janúar 2019.

12. Aukið norrænt samstarf um lyfjamál til að auka hagkvæmni og öryggi

Lögð var til stofnun sameiginlegs apóteks fyrir óvenjuleg lyf, aukið samstarfi um sjaldgæf lyf og aukin miðlun upplýsinga um innkaupasamninga og notkun nýrra lyfja.

Félags- og heilbrigðisráðherrarnir ákváðu á vordögum 2017 að koma fastri skipan á norrænan vinnuhóp um skipti á upplýsingum og reynslu af verðlagningu og niðurgreiðslu lyfja. Markmiðið með því að gera hópinn formlegan er að setja fastan ramma um gagnkvæm skipti norrænna yfirvalda á upplýsingum og reynslu af verðlagningu lyfja. Allt ferlið er tekið fyrir frá forspá vegna innleiðingar nýrra lyfja (horizon-scanning) til dreifingar.

Á haustdögum 2020 var starfsumboð hópsins endurnýjað til áranna 2021-2024 og voru þá málefni aðfangaöryggis, umhverfisins og lyfjaframleiðslu felld inn í starfsumboðið. Innan vinnuhópsins eru þrjú verksvið um verðsamanburð, áhættudreifingarsamninga og



lyfjaaðgengi. Viðræður um stofnun undirhóps um aðgangaöryggi og viðbúnað (Industrial and non-industrial production of critical medicines and collaboration in the Nordic Countries) standa enn yfir.

Danmörk og Noregur gerðu með sér viljayfirlýsingu þar sem óskað er eftir sameiginlegum samningaviðræðum um verð á tilteknum lyfjum. Var hún undirrituð af heilbrigðisráðherrum landanna tveggja í september 2018. Ísland undirritaði yfirlýsinguna síðar og hinum Norðurlöndunum stendur til boða að gera hið sama. Í janúar 2022 var önnur samnorræn útboðslota haldin sem fól í sér umhverfiskröfur.

Auk þess hefur embættismannanefndin um félags og heilbrigðismál margsinnis vakið máls á vandamálum í tengslum við að ólíkar kröfur eru gerðar um merkingar á lyfjum og tungumál á fylgiseðlum lyfjaumbúða. Heilbrigðismálaráðherrar Norðurlandanna sendu bréf til framkvæmdastjórnar ESB þann 10. júlí 2019 þar sem óskað er eftir sveigjanlegri kröfum um fylgiseðla í lyfjaumbúðum í þá veru að hægt verði að láta rafræna fylgiseðla nægja, en það gæti einfaldað markaðssetningu og upplýsingar um lyfin á fámennum málsvæðum. Málið var einnig rætt á málþingi sem formennskulandið Ísland hélt í október 2019. Haustið 2022 var viðræðum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um fylgiseðla haldið áfram þegar embættismannanefndin fundaði í Brussel.

13. *Ný norræn embættismannaskipti (tilraunaverkefni)*

Lagt var til að efla samninginn um embættismannaskipti með því að bæta við kafla um stutt dvalarskipti fyrir embættismenn sem vinna með heilbrigðismál í ráðuneytum.

Félags- og heilbrigðisráðherrarnir framlengdu tilraunaverkefni um embættismannaskipti áfram þar sem starfsfólki hlutaðeigandi ráðuneyta gefst kostur á styttri dvöl en ella. Tilraunaverkefnið hófst í september 2015 og fékk jákvæða umsögn á haustdögum 2016. Verkefnistímabilið hefur því verið framlengt nokkrum sinnum, síðast í júní 2022. Skrifstofan er að kanna möguleikann á annarri varanlegri lausn.

14. *Norrænt samstarf um sérfræðingana sem starfa við Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins*

Lagt var til nýtt óformlegt samstarf um sérfræðinga frá löndunum sem starfa á félags- og heilbrigðissviði hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til þess að nýta betur framlag hvers lands.

Félags- og heilbrigðisráðherrarnir ákváðu í mars 2017 að viðeigandi ráðuneyti á Norðurlöndum skyldu skiptast á nöfnum sérfræðinga frá löndunum og norræns starfsfólks hjá framkvæmdastjórn ESB. Meginmarkmiðið er að auðvelda ráðuneytisstarfsmönnum og hvetja þá til að mynda tengslanet við framkvæmdastjórn ESB. Í október 2022 skipulagði Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál



fund í Brussel til að ræða málefni sem voru ofarlega á baugi og ESB-samstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Óformlegt norrænt tengslanet alþjóðlegra stjórnenda ráðuneyta heilbrigðis- og félagsmála hittist einnig í Brussel í tengslum við fund Embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál.

1.2 Öryggi og hreyfanleiki sjúklunga: Eftirlitsupplýsingar og Arjeplogsamningurinn

Í mars 2017 samþykkti ráðherranefndin breytingar á norræna samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, svonefndum Arjeplogsamningi (samþykktar á fyrsta fundi ráðherranefndarinnar 2015, MR-S 1/15). Þær fela í sér að ný ákvæði um skipti á eftirlitsupplýsingum eru felld inn í samninginn. Endurskoðaður samningur var undirritaður 11. desember 2018 í Stokkhólmi og tók gildi 1. febrúar 2020.

Norrænn hópur heilbrigðisstarfsfólks vinnur að markvissri upplýsingamiðlun á milli norrænu landanna, þ.m.t. miðlun eftirlitsupplýsinga. Tilgangurinn er að gæta öryggis sjúklunga og vinna gegn óþörfum stjórnsýsluhindrunum á milli norrænu landanna. Starfshópurinn á að skiptast á upplýsingum um lögverndaðar starfsgreinar í heilbrigðisþjónustu í löndunum og afla þekkingar á kröfum landanna varðandi menntun og önnur réttindi.

Á árinu 2022 var fjallað um mál á borð við meðferð umsækjenda með menntun frá Úkraínu og umsækjenda með stöðu flóttafólks, Brexit og bráðabirgðareglur fyrir umsækjendur með menntun frá Bretlandi og móttöku og eftirlit innan upplýsingakerfis ESB fyrir innri markaðinn (IMI).

1.3 Stofnun norrænnar námsleiðar í sóttvörnum og hreinlæti á sjúkrahúsum

Árið 2019 setti ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál á laggirnar norræna námsleið í sóttvörnum og hreinlæti á sjúkrahúsum. Háskólanum í Gautaborg hefur verið falið að sjá um námsleiðina. Færniþróun á sviði sýkingavarna er mikilvæg til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og sýklalyfjaofnæmis. Þetta tveggja ára nám er hægt að stunda í hlutastarfi og sem meistaranám.

Að beiðni embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál var í september 2022 stofnað tengslanet um sóttvarnir og hreinlæti sem Háskólinn í Gautaborg hefur umsjón með. Markmið þess er að efla tengsl milli fólks úr mismunandi atvinnugreinum sem starfar við sóttvarnir og hreinlæti á Norðurlöndum, þar á meðal lækna, hjúkrunarfræðinga, dýralækna, líflæknisfræðigreinda, líffræðinga o.fl.



Fylgiskjal 2: Norrænt samstarf á félagsmálasviði

2.1 Stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviði (skýrsla Árna Páls Arnasonar)

Árið 2018 lét EK-S vinna stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviðinu: *Þekking sem nýttist – tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála*. Úttektin skilaði sér í 14 tillögum um hvernig efla mætti norrænt samstarf á sviði félagsmála:

Norrænt samstarf í félagsmálum byggir á þekkingu og ráðist af þörf

1. Skipulagt þekkingarsamstarf og samstarf um aðgerðir sem skila árangri
2. Samstarf sem ræðst í auknum mæli af þörf
3. Þróun stofnana norræns félagsmálasamstarfs

Lykilverkefni norræns samstarfs í velferðarmálum

4. Félagsleg nýsköpun
5. Félagslegar fjárfestingar og forvarnir
6. Félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann
7. Frjáls félagasamtök

Aukið norrænt samstarf um málefni barna og ungmenna, jaðarsetts fólks, aldraðra og fólks með fötlun

8. Börn og jaðarsett ungmenni
9. Jaðarsett fólk
10. Aldraðir
11. Fólk með fötlun

Félagslegar aðgerðir í víðara samhengi

12. Stefna í húsnæðis- og félagsmálum
13. Strjálbýl svæði
14. Alþjóðlegt samstarf

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því hvernig unnið hefur verið að tillögnum síðan 2018. Nýjustu aðgerðir í tengslum við hverja tillögu eru taldar upp fyrst. Undir hverri tillögu er jafnframt gerð grein fyrir þeim þáttum þar sem umræður/aðgerðir af hálfu sviðsins hafa enn ekki átt sér stað.

Staða vinnunnar við tillögurnar 14

Tillaga 1 – Skipulagt þekkingarsamstarf og samstarf um aðgerðir í félagsmálum sem skila árangri



Félagsmálasvið hefur alls lagt fram 1.200.000 DKK til verkefnisins *Aðgerðir sem skila árangri – þekkingarsköpun og þekkingargrunnur*. Verkefnið á að afla þekkingar til að skapa grundvöll fyrir þróun nýrra félagslegra aðgerða með því að veita yfirsýn yfir mismunandi nálgun á þekkingu og þannig gera okkur betur kleift að læra hvert af öðru. Aðgerðin er byggð á eldri kortlagningu á þekkingu á félagsmálasviði. Aðgerðin stóð til 2022 og búast má við niðurstöðum snemma hausti 2023.

Alls hefur 1.100.000 DKK verið varið til norræns verkefnis sem gengur út á að taka saman þekkingu á aðgerðum sem skila árangri þegar kemur að inngildingu ungs fólks. Samantektin gefur yfirlit um þær aðgerðir sem hafa skilað árangri varðandi inngildingu og til að skapa leið aftur inn í samfélagið. Áherslan er á unglinga og ungt fólk á aldrinum 13 til 29 ára. Samantektin var gefin út og rædd í tengslum við fund ráðherranna í mars 2022 og kynnt á lokaráðstefnu í september 2022.

Tillaga 2 – Samstarf sem ræðst í auknum mæli af þörf

Í tengslum við gerð samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2022–2024, undirbúning áætlunar í fötlunarmálum 2023–2027 og yfirstandandi undirbúning samstarfsáætlunar 2025–2030 hefur helstu aðilum innan landanna verið boðið að leggja orð í belg um það hvaða áherslur ættu að ríkja innan norræns samstarfs á sviði félagsmála. Jafnframt hafa ýmis samstarfsnet og starfshópar verið stofnaðir undanfarið ár í samræmi við óskir aðila innan landanna um norrænt samstarf í félagsmálum. Þar má nefna norrænt samstarfsnet um félagsþjónustu fyrir einstaklinga með flóknar þarfir, norrænt samstarfsnet um fyrstu eitt þúsund daga barnsins og norrænt samstarfsnet um líkamlega hreyfingu.

Á Norræna velferðarþinginu, sem Norræna velferðarmiðstöðin stendur fyrir annað hvert ár, nú síðast í Reykjavík í júní 2023, geta aðilar á félags- og heilbrigðissviði landanna miðlað sín á milli norrænum niðurstöðum og skipst á skoðunum.

Tillaga 3 – Þróun stofnana norræns félagsmálasamstarfs

Þriðja tillaga skýrslunnar snertir Norrænu velferðarmiðstöðina og norrænu nefndirnar tvær um hagtölur, þ.e. Norrænu nefndina um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) og Norrænu hagsýslunefndina (NOSOSKO).

Árið 2020 samþykktu félags- og heilbrigðisráðherrarnir nýtt stefnumarkandi umboð fyrir Norrænu velferðarmiðstöðina fyrir tímabilið 2021–2024 og tók það gildi í janúar 2021.

Sama ár samþykkti embættismannanefndin nýtt umboð fyrir NOMESKO/NOSOSKO fyrir tímabilið 2021–2023 og tók það gildi 1. janúar 2021. Úttekt á NOMESKO-NOSOSKO hófst árið 2022 og lauk sumarið 2023. Umboð NOMESKO-NOSOSKO var framlengt til og með 2024 og starfshópur sem samanstendur af embættismönnum frá löndunum var skipaður til þess að skoða hvernig þróa megi starfið í takt við niðurstöður



úttektarinnar. Í því sambandi mætti athuga að tengja störf nefndanna enn betur við félagsmálasviðið.

Tillaga 4 – Félagsleg nýsköpun

Tillaga 4 snýst um aukinn stuðning við nýsköpun á sviði félagsmála, meðal annars með aukinni samvinnu félags- og heilbrigðismálasviðs og hagvaxtar- og loftslagssviðs innan Norrænu ráðherranefndarinnar, þ.m.t. Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, ásamt því að koma á fót norrænum nýsköpunarverðlaunum á sviði félagsmála.

Félags- og heilbrigðismálasviðið hefur ekki enn ráðist í aðgerðir samkvæmt tillögunni.

Tillaga 5 – Félagslegar fjárfestingar og forvarnir

Tillagan felst í aukinni áherslu á að koma upp innviðum fyrir snemmtækar fyrirbyggjandi aðgerðir og heildstæðar og þverfaglegar aðgerðir almennt.

Í upphafi árs 2023 samþykkti embættismannanefndin starfsumboð fyrir norrænt samstarfsnet um fyrstu eitt þúsund daga barnsins. Samstarfsnetinu er ætlað að skoða aðgerðir sem hægt er að ráðast í til þess að ung börn sem alast upp í fjölskyldum í viðkvæmri stöðu njóti sömu tækifæra og önnur börn á Norðurlöndum. Aðgerðin er þverfagleg og litið er til þarfa fjölskyldunnar í heild fyrir aðstoð og samstarfs innan velferðarkerfisins með slíka aðstoð fyrir augum.

Í lok árs 2022 var starfsumboð norræns samstarfsnets um samræmingu og uppbyggingu félagsþjónustu fyrir einstaklinga með flóknar þarfir samþykkt. Samstarfsnetið á að afla þekkingar og miðla reynslu varðandi það hvernig velferðarkerfin geta betur unnið saman í tengslum við aðgerðir fyrir einstaklinga með flóknar þarfir og þannig komið í veg fyrir að þessi hópur falli á milli skips og bryggju.

Í lok árs 2021 var verkefnið „Kerfisbundin kortlagning á reynslu af félagslegum fjárfestingum á Norðurlöndum“ samþykkt. Skimunin er unnin af VIVE og er einnig ætlað að greina helstu kerfislegar hindranir í vegi fyrir útbreiðslu félagslegra fjárfestinga á Norðurlöndum og tilgreina breytur sem stutt geta við félagslegar fjárfestingar. Verkefnið á að skila af sér tillögum um áframhaldandi vinnu við að auka félagslegar fjárfestingar í norrænu löndunum. Að lokum verður skýrsla um verkefnið kynnt á ráðstefnu þann 14. nóvember 2023 (<https://vive.nemtilmeld.dk/103/>).

Tillaga 6 – Félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann

Tillagan felst í aukinni norrænni áherslu á að vinna að aukinni aðkomu notenda í tengslum við félagslegar aðgerðir.



Árið 2019 veitti embættismannanefndin fé til áframhaldandi vinnu að málefnum sem tengjast þátttöku notenda. Norræna velferðarnefndin sá um vinnuna og í nóvember 2022 kom út norræn skýrsla um aðkomu notenda. Skýrslan inniheldur kortlagningu á reynslunni af aðkomu notenda í norrænu löndunum. Niðurstöður skýrslunnar voru lagðar fyrir embættismannanefndina á fyrsta fundi hennar á árinu 2023.

Verkefnið „Félagsleg einangrun og einmanaleiki í COVID-19-faraldrinum“ innihélt einnig dæmi frá norrænu löndunum sem draga má lærdóm af um aðkomu notenda en skýrsla um verkefnið var einnig lögð fyrir embættismannanefndina á fundinum í febrúar 2023.

Aðkoma notenda er einnig mikilvægur þáttur í verkefni sem stendur yfir: „Afleiðingar kórónuveirunnar – réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast“. Á fundi embættismannanefndarinnar í september 2023 verður staða verkefnisins kynnt.

Tillagan inniheldur einnig nokkur tilmæli í tengslum við frekari þróun einstaklingsmiðaðrar þjónustu, aukið tillit til viðhorfs hvers einstaklings til meðferðar mála er hann varða og við undirbúning ákvarðana stjórnvalda og varðandi stofnun norræns samstarfsnets um aðkomu notenda sem enn hafa ekki verið afgreidd.

Tillaga 7 – Frjáls félagasamtök

Tillagan snýst um að efla norrænt samstarf við frjáls félagasamtök á sviði félagsmála.

Samstarf við frjáls félagasamtök er eitt af þeim þverfaglegu sjónarmiðum sem samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að eigi almennt að einkenna vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar og er það hluti af ýmsum verkefnum sem nú eru í gangi og nýjum verkefnum innan framkvæmdaáætlunarinnar vegna Framtíðarsýnar okkar 2030.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2024 samþykktu samstarfsráðherrarnir jafnframt að veita 10,5 milljónum DKK til frjálsra félagasamtaka. Þar af er 1 milljón DKK sem ætluð er til funda samstarfsneta, ráðstefna, þekkingarmiðlunar o.fl.

Félags- og heilbrigðismálasvið veitti 300.000 DKK til norrænnar umræðusyrpu fyrir borgaralegt samfélag árið 2022. Verkefnið gekk út á að halda umræður fyrir borgaralegt samfélag á öllum fimm norrænu lýðræðishátíðunum/þjóðfundunum, með áherslu á þátttöku, réttindi og lýðræðisvitund ungs fólks.

Einnig veitti félags- og heilbrigðismálasvið 1.793.000 DKK til stofnunar norræns vettvangs fyrir frjáls félagasamtök á sviði félags- og heilbrigðismála árið 2022. Vettvangurinn á að styrkja miðlun þekkingar og reynslu á milli samtaka og landa. Sjónarhorni borgaralegs samfélags verður almennt fléttað inn í störf embættismannanefndarinnar.

Árið 2021 var haldinn fundur með forystufólki borgaralegs samfélags.



Tillaga 8 – Börn og jaðarsett ungmenni

Tillagan lýtur að því að bæta lífskjör og réttindi barna og ungmenna á Norðurlöndum.

Vinnan að málefnum barna og ungmenna er eitt af þeim þverlægu sjónarhornum sem samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt að allt starf Norrænu ráðherra nefndarinnar eigi að einkennast af. Sjónarmið barna og ungmenna eru því liður í mörgum yfirstandandi og nýjum verkefnum í tengslum við framkvæmdaáætlunina.

Á fundi félags- og heilbrigðisráðherranna í mars 2023 ræddu þeir andlegan vanda, félagslega einangrun og einmanaleika á meðal ungs fólks og fullorðinna og samþykktu að fela embættismannanefndinni að skilgreina hvernig vinna megir að því að fjölga ungu fólki í viðkvæmri stöðu sem kemst inn í nám eða fær atvinnu og fækka ungu fólki sem er „utangarðs“. Umræður um eftirfylgd standa yfir.

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var, eftir viðræður við Norðurlandaráð, gert ráð fyrir 1 milljón DKK í verkefni um barnafátækt og félagslega einangrun á Norðurlöndum. Verið er að undirbúa verkefnið og verður það unnið árið 2024.

Tvö ný norræn samstarfsnet voru stofnuð á vegum embættismannanefndarinnar 2023 í tengslum við lífskjör barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu: „Samstarfsnet um fyrstu eitt þúsund daga barnsins“ og „Samstarfsnet um félagsþjónustu fyrir einstaklinga með flóknar þarfir“.

Árið 2021 veitti félags- og heilbrigðismálasvið fé til verkefnisins „Afleiðingar kórónuveirunnar – réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast“. Verkefnið fjallar um réttindi barna og felst að hluta til í að finna aðferðir og taka saman reynslu á þátttöku barna og ungs fólks á meðan faraldurinn stóð yfir og að hluta til í beinum prófunum á þátttöku ungs fólks við þróun verkefnisins.

Í formennskutíð Danmerkur 2020 hófst verkefnið „Norræn ungmenni í sjálfbæru samfélagi“. Einn þáttur verkefnisins laut að andlegri velferð ungs fólks. Verkefninu er nýlokið.

Tillaga 9 – Jaðarsett fólk

Tillagan miðar að því að efla norrænt samstarf í tengslum við inngildingu jaðarsettra einstaklinga og koma í veg fyrir frekari jaðarsetningu. Bent er á borgararlegt samfélag sem mikilvægan lið í þessu.

Í október 2021 var haldinn norrænn fundur forystufólks úr borgaralegu samfélagi. Í kjölfar fundarins ákvað embættismannanefndin í félags- og heilbrigðismálum að koma



á fót vettvangi fyrir frjáls félagasamtök á sviði félagsmála. Hugsmiðjan Mandag Morgen og Center for Frivilligt Socialt Arbejde í Danmörku stýra vettvangnum. Stofnun vettvangsins stuðlar að uppfyllingu tillögunnar um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn jaðarsetningu og miðlun á reynslu af árangursríkum aðgerðum frjálsra félagasamtaka fyrir fólk í viðkvæmri stöðu.

Aðgerðir eru enn ekki hafnar í tengslum við tillöguna um að hefja þverfaglegt samstarf við svið vinnumála og jafnréttis með það fyrir augum að kanna möguleika jaðarsettra einstaklinga á að komast inn á vinnumarkaðinn, þar sem karlar eru í viðkvæmari stöðu en konur vegna lægra menntunarstigs.

Tillaga 10: Aldraðir

Tillagan fjallar almennt um lífskjör aldraðra. Einnig lýtur hún að því að unnið verði með afleiðingar þess að meðalaldur fer almennt hækkandi, að ungt fólk flytji úr dreifðari byggðum og skilji eldra fólk eftir og sívaxandi kostnaði samfélagsins við umönnun eldra fólks.

Áfram er unnið með velferðartækni og miðlun þekkingar í gegnum samstarfsnet um heilabilun á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar.

Árið 2021 lagði félags- og heilbrigðismálasvið einnig fé til verkefnis í samstarfi við jafnréttissvið þar sem lífskjör eldra LGBTI fólks á Norðurlöndum eru skoðuð, þ.m.t. reynsla þess af því að fá viðeigandi aðstoð og stuðning í heilbrigðiskerfinu.

Í október 2022 var fé veitt í verkefnið „Fyrirbyggjandi starf gegn heilabilun á Norðurlöndum“. Verkefnið miðar að því að efla norrænt samstarf og tryggja miðlun þekkingar á fyrirbyggjandi vinnu gegn heilabilun. Í verkefninu verður fjallað um stöðu þekkingar og stefnumótun í norrænu löndunum.

Samþætt fjarheilbrigðis- og -félagsþjónusta, iVOPD-verkefnið svonefnda (sjá kafla um heilbrigðismál) fjallar einnig um vandann í tengslum við að hæfni og starfskröfur í dreifbýli þar sem meðal annars margt eldra fólk þarf á heilbrigðis- og félagsþjónustu að halda.

Tillaga 10 inniheldur einnig þætti sem lúta að því að efla norrænt samstarf um að búa til sveigjanlegri búsetuúrræði fyrir eldra fólk og koma á norrænu samstarfsneti til að skiptast á þekkingu um árangursríkar aðgerðir varðandi mannaáðningar og starfsmannaveltu í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Ekki hefur enn verið fjallað um þessar tillögur.

Á almennari nótum í tengslum við öldrunarmál starfrækir Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) öldrunarteymi sem vinnur að málum sem tengjast velferðartækni, heilabilun og



mataræði og hreyfingu eldra fólks. Norræna velferðarmiðstöðin sér einnig um að samræma norrænt samstarfsnet um heilabilun sem vinnur að auknum gæðum, öryggi, nýsköpun og þekkingu á sviðinu.

Norræna velferðarmiðstöðin stóð fyrir vefþinginu „Stefna og skipulag varðandi heilsueflandi máltíðir og hreyfingu hjá eldra fólki á Norðurlöndum“ í tengslum við verkefnið „Mataræði og hreyfing eldra fólks á Norðurlöndum“ þann 25. janúar 2023.

Norræna velferðarmiðstöðin samræmir einnig norrænt samstarfsnet um aldursvænar borgir og sveitarfélög sem er hluti af alheimsneti Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), *Age-friendly cities and communities (AVCC)*. Samstarfsnetið gerir meðlimum kleift að skiptast á reynslu og læra hver af öðrum.

Í október 2022 stóð Norræna velferðarmiðstöðin fyrir vinnuráðstefnu um norrænt ráð í öldrunarmálum. Í öllum norrænu löndunum eru ráð um öldrunarmál eða lífeyrismál sem vinna sérstaklega að málum er varða eldra fólki. Á dagskrá ráðstefnunnar voru kynningar um löggjöf og skipulag öldrunarráða, áhrif og áskoranir auk tillagna að aðgerðum og þeim í norrænu samstarfi. Það var Danske Ældreråd sem hélt vinnuráðstefnuna í samstarfi við Norrænu velferðarmiðstöðina.

Á síðastliðnu ári hefur Norræna velferðarmiðstöðin einnig gefið út eftirfarandi skýrslur sem auka á þekkingu á velferð eldra fólks á Norðurlöndum.

- [The impact of the COVID-19 pandemic on social isolation and loneliness – A Nordic research review](#) (2022),
- [Reducing social isolation and loneliness during the COVID-19 pandemic – Examples of promising practice from the Nordic countries](#) (2023),
- [Brukarinflytande i Norden – En kunskapssammanställning om metoder och effekter inom välfärdssektorn](#) (2022).

Tillaga 11: Fólki með fötlun

Tillagan felur í sér aukna áherslu á aðgengi, menntun og sjaldgæfar fatlanir.

Fötlunarráðið hefur tekið í notkun nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2023–2027. Áherslusvið áætlunarinnar eru þrjú: mannréttindi, þátttaka og frjálsför.

Á árinu 2023 hefur áherslan verið á aðgengi og á fundi ráðherranna var meðal annars samþykkt [ráðherrayfirlýsing um stafrænt aðgengi fatlaðs fólks](#).

Í tengslum við áætlun í fötlunarmálum var ákveðið að halda árlegan fund forystufólks í fötlunarmálum. Á fundinum á að fjalla um þarfir ungs fólks varðandi til dæmis nám,



atvinnulíf, félagsstarf og fleira. Fyrsti fundurinn verður haldinn í október 2023. Á áætlunartímabilinu á jafnframt að taka saman tölfræði á fjórum sviðum: Mismunur, menntun, atvinnulíf og aðgengi í samræmi við tillögur úttektarinnar.

Í apríl 2023 var haldin ráðstefna sérfræðinga um tölfræði og nemendur með fötlun. Nánari upplýsingar um norrænt samstarf í fötlunarmálum er að finna í kafla 3 í greinargerðinni.

Árlega stendur norræna fötlunarráðið fyrir norrænum hliðarviðburði í tengslum við fund aðildarríkja að samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD) í höfuðstöðum SP í New York. Þemað árið 2023 var *Co-creating digital solutions for persons with disabilities – Policies and strategies for tomorrow's digital challenges* þar sem fjallað var um stefnu og stefnumótun varðandi aðgengi að stafrænni þjónustu.

Tillaga 12 – Stefna í húsnæðis- og félagsmálum

Tillagan fjallar um aukna áherslu á möguleika fólks í viðkvæmri stöðu á að fá viðeigandi húsnæði þrátt fyrir hækkandi húsnæðiskostnað, einkum í borgum.

Einnig er lagt til norrænt ráðherrasamstarf í tengslum við húsnæðis- og félagsmál til dæmis með áherslu á félagslegar lausnir í húsnæðismálum, samnorræna staðla um aðgengi, húsnæði fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, heimilisláusa og fatlaða, miðlun þekkingar um byggingarkostnað og fleira. Ekki hafa verið unnar neinar aðgerðir í tengslum við þessa tillögu.

Tillaga 13 – Strjálbýl svæði

Tillagan miðar að því að efla aðgerðir til þess að bæta lífskjör fólks sem býr á strjálbýlum svæðum á Norðurlöndum, meðal annars með áherslu á að vinna á móti skertu framboði á félagsþjónustu, námi og atvinnu og starfsfólki í heilbrigðisþjónustu á svæðunum.

Frá árinu 2021 hefur EK-Stekið þátt í að fjármagna verkefnið „Not just a green transition“. Verkefnið gengur út á að skoða hvaða áhrif loftslagsaðgerðir hafa á mismunandi þjóðfélagshópa og svæði.

Embættismannanefndin samþykkti að veita 1 milljón DKK til aðgerða í byggðamálum:

- *Tengslanet samtaka norrænna sveitarfélaga* Vinna hófst á vegum landsamtaka sveitarfélaga í Svíþjóð (Kommunernas landsorganisation) undir yfirskriftinni „Mapping the use of work demand-saving technology in the Nordics“ árið 2022.
- *WISPA – Welfare Institutes in Sparsely Populated areas* – WISPA-skýrslan var kynnt á vefráðstefnu í júní 2022.



- *Staðan í húsnæðismálum á strjálbýlum svæðum* – niðurstöður vinnunnar voru kynntar í júní 2022.

Undir formennsku Svíþjóðar árið 2018 var ráðist í verkefni um fjarheilbrigðisþjónustu (Vård och omsorg på distans (VOPD)) til þess að kanna möguleika á að nýta stafrænar lausnir til að tryggja íbúum á strjálbýlum svæðum félags- og heilbrigðisþjónustu. Framhaldsverkefni um samþætta fjarheilbrigðisþjónustu, iVOPD, lýkur með lokaráðstefnu í nóvember 2024.

Tillaga 14 – Alþjóðasamstarf

Tillagan snýst um að í norrænu samstarfi verði í auknum mæli litið til þess sem gert er og rætt utan Norðurlanda, til dæmis á vettvangi ESB, OECD og stofnana Sameinuðu þjóðanna. Einnig er lagt til að þessir vettvangar verði í vaxandi mæli nýttir í þágu hins norræna velferðarkerfis.

Þegar kemur að nýjum norrænum aðgerðum, lausnum á vandamálum og leit að aðgerðum sem skila árangri tekur félags- og heilbrigðismálasvið mið af aðgerðum og sjónarmiðum á vettvangi ESB og annarra stofnana. Nefna má að í tengslum við haustfund embættismannanefndarinnar í Brussel 2022 var haldinn fundur með nokkrum nefndum ESB um málefni sem vörðuðu sameiginlega hagsmuni.

Einnig fylgist embættismannanefndin með vinnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar við „Wellbeing Economy“ sem getur gagnast í tengslum við forvarnarþáttinn í þróunarvinnu félagsmálasviðs. Árið 2023 var fé veitt til stofnunar norræns samstarfsnets í tengslum við Wellbeing Economy. Einnig tekur sviðið þátt í alþjóðlegum ráðstefnum á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Norræna fötlunarráðið á í skipulögðu samstarfi við SP vegna vinnu í tengslum við samninginn um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) og heldur árvissan hliðarviðburð á fundi aðildarríkja SP (COSP).

Á hverju ári leggur sviðið sitt af mörkum til evrópskrar ráðstefnu á sviði félagsmála, meðal annars með því að halda hliðarviðburðinn „Nordic Day“. Skrifstofa ráðherranefndarinnar tekur þátt í ráðstefnunni til þess að fylgjast með þróuninni á sviðinu innan ESB.

2.2 Norrænt samstarfsnet um langvarandi afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku



Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál stofnaði á árinu 2017 norrænt samstarfsnet um langvarandi afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku. Samstarfsnetið var stofnað í tengslum við afgreiðslu félags- og heilbrigðisráðherranna á tilmælum Norðurlandaráðs um *Síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku (tilmæli 13/2015 – A 1645/velfærd)*. Markmið samstarfsnetsins er að efla úrræði fyrir fullorðna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi í æsku, meðal annars sem vettvangur miðlunar á þekkingu og reynslu milli helstu aðila á Norðurlöndum og fyrir nýtt norrænt samstarf þar sem það á við. Starfsumboðið hefur verið framlengt til og með 2024. Samstarfsnetið geta skipað fulltrúar yfirvalda, opinberra stofnana og félagsamtaka.

2.3 Starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) rekur samstarfsverkefni á heilbrigðis- og félagsmálasviði. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) fólu einnig Norrænu velferðarmiðstöðinni að starfrækja miðstöð fyrir upplýsingamiðlun um aðlögunarmál til stuðnings við norrænt samstarf á því sviði. Norræna velferðarmiðstöðin vinnur að eftirfarandi almennu starfssviðum: Lífskjör barna og ungmenna, lýðheilsumál, samstarf í fötlunarmálum, velferðartækni og fjarlausnir í heilbrigðis- og félagsþjónustu, virkni og heilbrigði aldraðra á Norðurlöndum og norræn samvinna um aðlögun. Samantekt á verkefnum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar árið 2022 er að finna í ársskýrslu hennar, sem lesa má [hér](#).

Norræna velferðarmiðstöðin er með stefnumarkandi starfsumboð fyrir tímabilið 2021–2024. Starfsumboðið felur í sér að meginviðfangsefni Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur norrænu landanna að meðtöldum Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Meginmarkmiðið er að stuðla að landsbundnu þróunarstarfi í löndunum með því að styðja við miðlun þekkingar og reynslu milli landanna og skapa nýja norræna þekkingu. Í starfsumboðinu kemur skýrt fram að aðalmarkhópur Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar eru embættismenn í ráðuneytum og opinberum stofnunum á Norðurlöndum.

Árin 2022–2023 hefur Norræna velferðarmiðstöðin lagt sérstaka áherslu á að skoða áhrif heimsfaraldursins á viðkvæma hópa á borð við börn og ungmenni, aldraða, fatlað fólk, innflytjendur og flóttafólk. Auk þess hefur Norræna velferðarmiðstöðin haldið áfram að vinna að miðlun þekkingar og reynslu á sviðum á borð við heilabilun, velferðartækni og áfengis- og fíkniefnavanda.